

Ávarp

Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra.
Flutt á 59. ársfundi Seðlabanka Íslands, 25. mars 2020.

Kæru gestir

I.

Á síðasta ársfundi – fyrir réttu ári – voru óvissutímar í íslensku efnahagslífi. Þá um morguninn hafði flugfélagið Wow air skilað inn flugrekstrarleyfi sínu og drjúgur tími í mínu ávarpi fór í stöðuna sem þá var uppi í íslensku efnahagslífi. Ég held hins vegar að það sé óhætt að segja að í öllum þeim sviðsmyndum sem teiknaðar voru í kjölfarið hafi enginn getað séð fyrir þá heimsmynd sem blasir við okkur núna.

Heimurinn berst nú við vághestinn Covid-19. Í stað þess að snúa bökum saman hafa mörg lönd lokað sig af, og fylgt þar fordæmi Bandaríkjamanna sem lokuðu sínum landamærum með afleiðingum fyrir Ísland sem ekki sér fyrir endann á – og auðvitað fjöldamörg önnur lönd. Danmörk, Noregur, Pólland og fleiri ríki lokuðu landamærum í kjölfarið og að lokum var ytri landamærum Schengen-svæðisins lokað.

Á sama tíma og landamærum er lokað hefur þörfin fyrir sterkt alþjóðasamstarf aldrei verið meiri. Aðalritari Sameinuðu þjóðanna sendi í upphafi vikunnar ákall til stríðandi þjóða alls staðar í heiminum um vopnahlé svo skapa megi svigrúm fyrir lönd að mæta þessum sameiginlega óvini. Við munum nefnilega ekki hafa sigur í þessari baráttu nema einmitt með öflugum alþjóðlegum samstarfi.

Það sem skiptir mestu máli núna er heilsa fólks og því gerum við allt sem hægt er til þess að stemma stigu við útbreiðslu veirunnar og tryggja að heilbrigðiskerfið geti hlúð að þeim sem þess þurfa. Okkar framlínufólk, hjá almannavörnum og heilbrigðiskerfinu öllu, á aðdáun mína alla fyrir skýrar og afgerandi aðgerðir og góða og hreinskilna miðlun upplýsinga til okkar allra. Þau eru á sama tíma í alþjóðlegum samskiptum við kollega sína um heim allan til að við getum sameiginlega nýtt þekkingu okkar á veirunni í baráttunni.

Á efnahagshliðinni er jafnframt ljóst að bæði ríkissjóður og Seðlabanki Íslands eru í mjög sterkri stöðu til að takast á við þau áföll sem nú dynja á. Íslenska ríkið hefur þegar kynnt fyrstu aðgerðir sínar til að standa við bakið á fólki og fyrirtækjum í landinu. Við munum gera það sem þarf til að koma íslensku samfélagi í gegnum þennan skafl enda hefur ríkið talsvert svigrúm til að auka skuldastöðu sína eins og þörf krefur. Seðlabankinn hefur lækkað vexti og afnumið sveiflujöfnunaraukann, en hvort tveggja er hægt vegna öflugrar hagstjórnar undanfarin ár og skiptir verulegu máli fyrir atvinnulífið í þessum þrengingum. Það er einnig mikilvægt, eins og

seðlabankastjóri hefur bent á, að Seðlabankinn á enn mörg spil upp í erminni sem hann getur spilað út ef á þarf að halda. Það eru ekki allir kollegar hans í svo góðri stöðu.

II.

Engin kreppa er eins og sú síðasta. Þessi efnahagskreppa er óvenjuleg meðal annars vegna þess að við erum sjálf, vísvitandi, að hægja á samfélaginu öllu og með því líka á gangi efnahagslífsins. Það hefur skammtímaáhrif sem við getum að einhverju marki séð fyrir en líka langtímaáhrif sem öllu meiri óvissa ríkir um.

Byrjum á skammtímaáhrifum.

Þegar slíkar efnahagsþrengingar blasa við hugsum við mörg aftur um rúman áratug, til efnahagshrunsins. Það er hins vegar ekki endilega góður samanburður við þessar aðstæður.

Kannski er nærtækast eftir vetur eins og þennan (sem virðist hafa verið endalaus með stöðugum lægðagangi, ofanflóðum og jarðhræringum) að hugsa um heimsfaraldur Covid-19 sem meiriháttar mannskæða lægð sem gengur yfir heiminn allan. Sjálfri hefur mér orðið hugsað til annála 18. aldar sem lýstu jarðhræringum, sólmyrkvum, veðravítum, mannfelli, dýrfelli á tímum þar sem samgöngur við landið voru fátíðar.

En – aftur – þá var enginn gjaldeyrisvaraforði, enginn Seðlabanki, ekkert internet sem gerir okkur kleift að tala saman þrátt fyrir samkomubann, ekkert heilbrigðiskerfi eða menntakerfi sem hægt var að tala um. Engar almannatryggingar. Og við búum líka að því að við lærðum af hrininu – við erum með sterkari Seðlabanka, sterkara fjármálakerfi, betri skuldastöðu heimila og fyrirtækja. Og við búum líka að því að á undanförunum árum hefur ríkisstjórnin lagt áherslu á að styrkja heilbrigðiskerfið þannig að það er nú betur í stakk búið til að takast á við þennan faraldur en það gerði fyrir tveimur árum.

En vegna þess að þessi kreppa er ekki eins og sú síðasta og raunar alls ekki hefðbundin kreppa þá duga hefðbundin stjórntæki sem oftast er beitt í efnahagssamdrætti ekki til. Hlutverk hins opinbera við samdrátt er oftast að reyna að veita peningum inn í hagkerfið til að auka eftirspurn. Það gerir lítið gagn þegar fólki er á sama tíma skipað að halda sig heima og kemst því ekki til að nota peningana - og á sama tíma geta fyrirtæki ekki framleitt vörur, meðal annars vegna þess að aðföng berast ekki til framleiðslu. Þessi áhrif takmarkast ekki af landamærum enda hefur þróun framleiðslu á undanförunum árum og áratugum verið sú að hún verður sífellt tengdari og alþjóðavæddari. Tvö þeirra landa sem verst hafa orðið fyrir kórónaveirunni, Kína og Ítalía, gegna mikilvægu hlutverki í aðfangakeðju margra atvinnugreina og gætir áhrifa framleiðslustöðvuna þar þegar hjá fyrirtækjum um allan heim.

Ef þetta eru áhrifin - brotnar framleiðslukeðjur og tímabundin vinnustöðvun vegna fjarveru starfsfólks og viðskiptavina - þá getum við þó fljótt séð í hendi okkar að þau eru í eðli sínu tímabundin. Lægðir ganga hjá og það mun Covid-19 faraldurinn gera líka.

Það breytir því ekki að áhrifin gætu orðið gríðarleg ef ekkert er að gert. Tekjur fyrirtækja dragast saman eða hverfa en fastur kostnaður, svo sem húsaleiga og laun starfsmanna, standa eftir.

Það er engin ástæða til að ætla að eftirspurn fólks eftir vörum og þjónustu snúi ekki aftur þegar þessu tímabili lýkur. Eftirspurn er hins vegar til lítils ef fyrirtækin ná ekki að brúa bilið og ef fólk heldur ekki störfum sínum – þá þurfa stjórnvöld að stíga inn og það munum við gera á næstu vikum og mánuðum hér. Með því að tryggja rekstrargrundvöll fyrirtækja í þennan tíma tryggjum við afkomu fólks, og gerum jafnframt okkar til að búa svo í haginn að samdráttur efnahagslífsins geti orðið eins skamvinnur og mögulegt er.

III. Aðgerðir stjórnvalda

Á laugardaginn var kynntum við tíu aðgerðir til varnar, verndar og viðspyrnu – Viðspyrnu fyrir Ísland. Fyrstu tveir flokkarnir eru aðgerðir til að bregðast við þeim skammtímavanda sem ég var að lýsa - það eru aðgerðir til varnar, til að koma í veg fyrir að fólk missi vinnuna eða fyrirtæki fari í þrot, og aðgerðir til verndar, til að styðja við einstaklinga og fjölskyldur við erfiðar aðstæður. Aðgerðir til að verja lífsafkomu fólksins í landinu.

Við munum gera það sem þarf til að styðja við almenning og atvinnulíf í landinu. Við fylgjumst grannt með og erum tilbúin að grípa til frekari aðgerða eftir því sem þörf krefur, en sennilegt má telja að bæði þurfi að framlengja úrræði á borð við hlutastörf og skapa ný úrræði, til dæmis með nýjum menntunartækifærum.

Þegar horft er til langtímaáhrifa er erfitt að segja til um það hvaða heimsmynd mun blasa við okkur þegar faraldurinn rénar. Frá Kína berast vísbendingar um efnahagsleg áhrif sem þar hafa þegar orðið vegna veirunnar. Talið er að þar hafi verg landsframleiðsla dregist saman um það bil tíu prósent á fyrsta ársfjórðungi, jafnvel meira. Íhaldssömstu aðilar meta umfang þeirra efnahagsaðgerða sem ríkisstjórnir heims höfðu þegar kynnt í upphafi vikunnar sem um 2% af heildarframleiðslu á heimsvísu - sem er nú þegar svipað eða meira en í kjölfar fjármálakreppunnar 2007-09. Þetta hlutfall er enn að hækka eftir því sem áætlanir eru endurskoðaðar og uppfærðar. Víða í Evrópu er nú talað um að allt að 10% vergrar landsframleiðslu verði varið í björgunaraðgerðir. Hversu vel tekst til með þessar aðgerðir bæði hér heima og erlendis mun ráða úrslitum um hversu langvarandi efnahagslegur samdráttur verður.

Þá eru aðrir ytri þættir sem við fáum ekki stjórnað en verðum eigi að síður að búa okkur undir. Veiran er þegar dreifð um heimsbyggðina og þó takist að vinna bug á henni að sinni má vera að hún birtist ítrekað, allt þar til bóluefni finnst. Þróunin í Kína á næstu vikum mun veita einhverja vísbendingu um hversu líklegt það er. Birtist veiran fljótt þar aftur eða ekki? Ef hún heldur áfram að birtast - verður hægt að nota víðtækar skimunaraðferðir til að halda stjórn á henni? Hér þurfum við að búa okkur undir ólíkar sviðsmyndir.

Aðfangakeðjur munu líka þurfa töluverðan tíma til að jafna sig og það mun hafa áhrif á hversu hratt efnahagurinn á heimsvísu lifnar við. Fyrirtæki sem hafa búið vel í haginn og eiga varabyrgja gætu orðið fljótari að bregðast við en önnur. En það mun taka vikur og mánuði fyrir fyrirtæki að byggja aftur upp framleiðslu. Það er því viðbúið að truflanir vari í það minnsta fram á haust. En einnig má búast við því að varanlegar breytingar verði á vöruflæði heimsins – hér ættu

samfélagslega ábyrg fyrirtæki að horfa til loftslagsmarkmiða. Kostnaðarsjónarmið þar sem fyrirtæki hafa leitað ódýrasta vinnuafls fyrir framleiðslu sínu geta ekki haldið áfram að vera eina sjónarmiðið sem liggur til grundvallar ákvörðunum. Styttri vöruheðjur þýða ekki einungis minni áhættu ef röskun verður heldur eru þær grundvallaratriði í baráttunni gegn loftslagsvánni á næstu árum.

IV. Tækifæri?

Á köflum virðist manni svo ekki vera en eitt af því sem hefur gert menn að mönnum er hæfileika þeirra til að sjá tækifæri í hverri stöðu. Það virðist til dæmis ótrúlegt en svo virðist sem ekkert okkar hafi kunnað að þvo almennilega á okkur hendurnar fyrir en nú! Við munum í því eins og ótal öðru þurfa að draga lærdóm til framtíðar.

Við lærum líka af nauð að halda þétt um hvort annað, ekki bara í líkamlegri nánd heldur úr fjarlægð líka: Fjölskyldur halda alþjóðleg matarboð úr stofum í þremur heimsálfum, samstarfsfélagar finna leiðir til að vinna saman hver á sínu heimili. Ég er sjálf í skype-samskiptum daglega við átta ára drenginn minn sem er í sóttkví.

Ef til vill lærum við að nýta tæknina til að viðhalda sveigjanlegu vinnufyrirkomulagi, draga úr útréttingum og drögum þannig úr hraðanum í samfélaginu. Kannski lærum við af þessu eitthvað um að lifa í núinu, gera stundum minna frekar en meira. Svo ég tali nú ekki um hvatann til útivista og meiri nándar við náttúruna.

V. Styrkleikar Íslands

Kæru gestir,

Eins og ég sagði áðan þá hafa viðbrögð margra landa við Covid-19 faraldrinum hafa verið að loka landamærum og beita jafnvel neyðarrétti til að knýja fram efnahagslegar aðgerðir eða fá borgara sína til að fylgja settum reglum.

Ég verð í þessu samhengi að nefna hversu stolt ég er af því hvað við höfum haldið hér fast í okkar lýðræðislegu hefðir í þeim ákvörðunum sem hefur þurft að taka og hvernig við höfum lagt traust okkar á hvort annað. Við höfum ekki sótt styrk okkar í her eða lögreglu heldur höfum við sótt styrk okkar í samheldni og samhygð samfélagsins. Okkar vopn í þessari baráttu eru samstaða, gagnsæi og hreinskilni. Við höfum verið opinská með það að þetta er óvissuferð og það munu vafalaust verða gerð mistök. Við vinnum hins vegar út frá bestu gögnum og upplýsingum sem við höfum og tryggjum gagnsæi um þær upplýsingar. Það er auðvitað aldrei hægt að ná hundrað prósentu árangri en ég tel sýnt að sá árangur sem við erum ná sýni að það er alltaf betra að ná árangri með samstöðu heldur en valdboði. Við erum öll almannavarnir.

Við reiðum okkur líka á stofnanir okkar til að mæta þeim vanda sem steðjar að. Við höfum að undanfögnu rætt mest um almannavarnadeild RLS, heilbrigðisstofnanir og landlæknisembættið ásamt skólunum okkar og öðrum þeim sem starfa í framlínunni, þar með talið starfsfólki verslana og öðrum þjónustustofnunum. En þessi stofnun hér, Seðlabanki Íslands, hefur svo sannarlega lykilhlutverki að gegni. Seðlabankinn starfar nú í krafti nýs skipulags þar sem yfirstjórn

peningastefnu, fjármálastöðugleika og fjármálaeftirlits er komin á sömu hendur. Ég tel mig sjá það nú þegar á bjátar að það er mikilvægt að hafa ráðist í þessa aðgerð og ná þessum auknu samlegðaráhrifum við stjórn efnahagsmála.

Við lærðum á síðustu efnahagskrísu að gera við þakið á meðan sólin skín. Ríkissjóður stendur vel og Seðlabankinn stendur vel vegna þess að við höfum búið vel í haginn.

Við höfum kynnt fyrstu aðgerðir ríkisins til að verja fólkið í landinu og atvinnulífið fyrir efnahagslegum áhrifum Covid-19 faraldursins og gerum ráð fyrir að grípa til áframhaldandi aðgerða eftir því sem þörf krefur. Fari svo að þessi efnahagslegu áhrif dragist á langinn munum við bregðast hratt við. Í þriðja hluta þeirra tíu aðgerða sem kynntar voru um síðustu helgi voru nefndar voru nefndar fjórar aðgerðir sem þegar hafa verið ákveðnar til viðspyrnu. Ferðaþjónustan verður styrkt, „allir vinna“ útvíkkað, greitt verður fyrir innflutningi og ráðist í umfangsmikið fjárfestingaráttak. Þar verður ekki síst lögð áhersla á rannsóknir, nýsköpun og skapandi greinar sem eru undirstaðan undir vaxandi þekkingargeira. Sá geiri mun skipta sköpum við endurreisn íslensks efnahagslífs.

Einu sinni var ég spurð í kosningaþætti fyrir kosningarnar 2009 um hvaða áhrif hrúnið myndi hafa. Ég svaraði því til að laun myndu lækka og skattar hækka. Ég varð ekki mjög vinsæl af þessu svari. Á svona tímum skiptir hins vegar meira máli að vera raunsær og hreinskilinn en vinsæll. Þrengingarnar framundan verða erfiðar. En við munum gera það sem þarf til að draga úr þessum þrengingum til skemmri tíma og byggja upp efnahag til lengri tíma sem verður enn meira dugandi gagnvart þeim áföllum sem við getum alltaf átt von á. Einmitt vegna þess að við höfum lært af reynslunni erum við betur í stakk búin en nokkru sinni til að takast á við þetta áfall og ef við höldum vel á spilum munum við skila íslensku samfélagi standandi niður úr þessum þrengingum.